

Aðalfundur Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, haldinn 6. júní kl. 15.00 í húsi Krabbameinsfélagsins við Skógarhlíð 8 í Reykjavík. Fundargerð

Fundinn sátu 20 fulltrúar frá 15 aðildarfélögum.

1. Setning fundar

Jónas Guðmundsson, formaður Almannaheilla setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið .

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Jónas stakk upp á Evu Pengilsdóttur sem fundarstjóra og Ingveldi Jónsdóttur sem ritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Ávörp gesta

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og þakkaði traustið. Því næst bauð hún velkominn fyrri gest fundarins, Birgi Ármannson forseta Alþingis.

Birgir sagði Alþingi vera tilbúið í lagabreytingar sem setji umhverfi almannaheillafélaga skýrari og betri ramma. Þó þyrfti að gæta þess að skerða ekki félagafrelsi með neinum hætti.

Hann ræddi um hversu mikilvægt væri fyrir Alþingi að geta leitað álits almannaheillafélaga við undirbúning lagasetninga og hversu mikilvæg þau væru lýðræðinu á ýmsan hátt.

Seinni gestur fundarins var Guðrún Agnarsdóttir, fyrsti formaður Almannaheilla. Hún fór yfir sögu samtakanna síðustu 15 árin og sýndi myndir úr starfinu.

4. Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár

Jónas Guðmundsson flutti skýrslu stjórnar. Hann fjallaði meðal annars um fund fólksins og val á sjálfboðaliða ársins, en Almannaheill völdu sjálfboðaliða ársins í fyrsta sinn á árinu.

Sjálfboðaliðastarf er undirstaða starfsemi margra almannaheillafélaga og getur líka verið gefandi fyrir sjálfboðaliðana sjálfa. Gögn frá Bretlandi sýna að margir sjálfboðaliðar hafa ekki snúið til baka til starfa eftir Covid. Svona upplýsingar eru ekki til fyrir Ísland, en mikilvægt er að vaka vel yfir sjálfboðaliðum og hvetja þá til dádá. Jónas talaði líka um námskeið sem Almannaheill hafa haldið fyrir aðildarfélögin og könnun sem framkvæmd var meðal þeirra um væntingar til starfsemi samtakanna. Einnig talaði hann um samstarf við Garðabæ um samfélagslega nýsköpun og ýmis fleiri verkefni sem Almannaheill hafa unnið að.

5. Skýrsla um fjárhag samtakanna

Guðlaug B. Guðjónsdóttir gjaldkeri kynnti ársreikning ársins 2022 sem var sendur aðalfundarfulltrúum með fundarboði.

6. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla ársreiknings

Skýrslan og ársreikningurinn voru samþykkt með lófataki.

7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Guðrún Helga Bjarnadóttir hafði framsögu fyrir hönd uppstillingarnefndar og kynnti tillögur nefndarinnar. Auk hennar situr Þóra Þórarinsdóttir í nefndinni. Tillögurnar voru eftirfarandi:

Framboð til formanns til 2024: Tómas Ingi Torfason (KFUM og K).
Tillagan var samþykkt með lófataki.

Framboð til stjórnar til 2025: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson (UMFÍ), Anna Margrét Hrólfsdóttir (Proskahjálpi), Guðrún Helga Harðardóttir (Einstök börn). Til 2024: Tryggvi Axelsson (ADHD samtökin).
Tillagan var samþykkt með lófataki.

Framboð til varamanna í stjórn til 2024: Ásdís Eva Hannesdóttir (Norraena félagið), Berglind Gunnarsdóttir Strandberg (Foreldrahús), Ragnhildur Freysteinsdóttir (Skógræktarfélag Íslands), Sigríður Sólan (Foreldrajafnrétti), Una Sveinsdóttir (Kvenfélagasamband Íslands), Viðar Eggertsson (Landsamband eldri borgara).
Þessir varastjórnarmenn voru samþykktir með lófataki. Uppstillingarnefndinni hafði ekki borist staðfesting frá 7.varamanninum og var því ekki hægt að bera upp nafn hans. Stjórn var falið að velja 7. varamanninn.

Skoðunarmenn reikninga, kjörnir til eins árs.
Einar Haraldsson (Ungmennafélag Íslands) og Vilhjálmur Bjarnason (Samtök sparifjäreigenda).
Þóra Þórarinsdóttir (Ás styrktarfélag) til vara.
Tillagan var samþykkt með lófataki.

8. Ákvörðun um gjaldskyldu aðildarféлага

Gjaldkeri félagsins, Guðlaug Birna Guðjónsdóttir, mælti fyrir tillögu um óbreytt félagsgjald. Félagsgjaldið er veltutengt, það er fer eftir veltu félaganna: 150.000 krónur, 75.000 krónur og 30.000 krónur.
Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Lagabreytingar og aðrar tillögur

Jónas Guðmundsson hafði framsögu um tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins.

Stjórn Almannaheilla leggur til að 12. gr. félagslaga verði breytt þannig:

Áður:

12. gr. Formaður og gjaldkeri skuldbinda samtökin í sameiningu, í umboði stjórnar, en í fjarveru annars þeirra kemur einhver stjórnarmanna í stað þess sem er fjarverandi.

Verði:

12. gr. Stjórn er heimilt að veita formanni og gjaldkera félagsins heimild til að rita firma félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jónas hafði framsögu um tillögu stjórnar að ályktun fundarins:

Aðalfundur Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, haldinn 6. júní 2023 skorar á Alþingi að endurskoða ákvæði í viðisaukaskattslögum og veita almannaheillasamtökum rétt til endurgreiðslu VASK-greiðslna af aðföngum. (lög nr. 50/1988). Verði stefnt að því að almannaheillasamtök sem skráð eru á almannaheillaskrá verði undanþegin þessum greiðslum eins og almannaheillasamtök í mörgum samanburðarlöndum Íslands eru nú þegar.

Tillaga kom úr sal um að gera orðalagið ákveðnara. Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

Aðalfundur Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, haldinn 6. júní 2023 skorar á Alþingi að endurskoða ákvæði í viðisaukaskattslögum og veita almannaheillasamtökum rétt til endurgreiðslu VASK-greiðslna af aðföngum. (lög nr. 50/1988). Unnið verði að því að almannaheillasamtök sem skráð eru á almannaheillaskrá verði undanþegin þessum greiðslum eins og almannaheillasamtök í mörgum samanburðarlöndum Íslands eru nú þegar.

9. Önnur mál

Hildur Helga Gísladóttir, varaformaður, upplýsti um samþykki stjórnar á aðild þriggja nýrra aðildarféлага. Stjórnin hefur yfirfarið umsóknir félaganna og metur svo að þau uppfylli öll kröfur sem gerðar er um aðild að Almannaheillum.

Nýju félögin eru: Félag heyrnarlausra, Hollvinir Grensásdeldar og U3A Reykjavík.

Nýkjörinn formaður þakkað traustið sem honum væri sýnt með formannskjörinu og kynnti sig. Síðan ræddi hann um metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir Almannaheill.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 17:30

Fundargerð ritaði Ingveldur Jónsdóttir.